

- 87 5. *Enska.*
15. des. Fyllri kunnátta í að tala og rita málið en krafizt er til farmannaprófs.
6. *Þýzka.*
Undirstöðuatriði þýzkrar tungu.
7. *Likamsæfingar:*
Kunnátta í algengum fimleikum og æfing í að stjórna fimleikaflokki.

5. gr.

Í stað orðanna „Munnleg próf skulu haldin í heyranda hljóði“ í 8. gr. laganna komi: Munnleg próf má halda í heyranda hljóði.

6. gr.

12. gr. laganna falli niður, og greinatalan þar á eftir breytist því til samræmis.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi, og skal fella meginmál þeirra og laga nr. 99 18. des. 1950 inn í lög nr. 69 12. apríl 1945, um stýrimannaskólann í Reykjavík, og gefa þau svo út þannig breytt.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Bjarni Benediktsson.

88

L Ö G

15. des.

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna byggingar áburðarverksmiðju.

FORSETI ÍSLANDS

Gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka allt að 1 millj. dollara lán, sem bandarísk stjórnvöld veita fyrir milligöngu Export-Import Bank, með þeim kjörum, sem almennt gilda um slík lán. Er ríkisstjórninni heimilt að endurlána Áburðarverk-smiðjunni h.f. alla lánsupphæðina með þeim skilmálum, sem hún telur nauðsynlega, og gegn þeim tryggingum, sem hún tekur gildar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 15. desember 1952.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Eysteinn Jónsson.